Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030

# Sunnuás

# 2024 – 2025



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans ........ 3

1 Greinargerð leikskólastjóra ........ 3

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 ........ 9

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025 ........ 11

4 Innra mat deilda 2023-2024 ........ 13

5 Innra mat sérkennslu ........ 17

5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn ........ 22

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ........ 31

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ........ 32

8 Foreldrasamvinna ........ 33

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ........ 35

10 Fylgiskjöl ........ 36

10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025 ........ 36

10.2 Umsögn foreldraráðs ........ 41

## Leiðarljós leikskólans

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2023 byrjuðum við í Kringlunni 1 þar sem við vorum búin að vera í einn vetur og höfðum unað okkur vel. Við vorum að bíða eftir Ævintýraborgum Sunnuáss sem loksins voru settar niður á grunn í október 2023 og tók það 7 mánuði að fullklára þá vinnu. Okkur gekk vel að manna haustið og voru ekki margar stöður sem við þurfum að auglýsa nema fyrir það starfsfólk sem var að fara í nám og því var það að fara í skerta vinnuprósentu. Þannig að við byrjuðum veturinn mjög vel og hélst mönnun að mestum hluta fram að áramótum fyrir utan fæðingarorlof sem var vitað um. En eftir áramót tók við tími langvarandi veikinda hjá fjórum starfsmönnum sem hafa ekki komið inn aftur og er ekki vitað um framhaldið með þá. Við fórum því í smá tilfæringar innan skólans jafn óðum og breytingar urðu en reyndum að hafa breytingarnar eins auðveldar og hægt var miðað við aðstæður. Við þessar breytingar þurftum við að taka ÍSAT (börn með annað tungumál en íslensku) kennarann okkar úr þeirri stöðu sem hann var í til að setja inn á deild tímabundið sem deildarstjóra ásamt því að setja verkefnastjórann okkar einnig sem deildarstjóra þar sem einn deildarstjóri datt í veikindi og annar í fæðingarorlof. Þrátt fyrir þessar breytingar og tilfæringar þá gekk veturinn nokkuð vel og vann starfsfólk skólans vel í kringum þær og sýndu þeim mikinn skilning.

Í vetur vorum við með fjölda barna í kringum 100 sem endurspeglaði íslenskt samfélag því í skólanum voru í kringum 60% þeirra með annað tungumál en íslensku. Sérkennsla í Sunnuási fór ekki niður fyrir 10% í vetur og því sinntu í kringum 13 manns sérkennslu í mis mikilli prósentu. Þannig að í vetur var oft á tíðum margt um manninn. Einnig fengum við nýjan sérkennslustjóra þar sem sérkennslustjórinn okkar fór í fæðingarorlof í október, sem þróaði áfram frábært starf í sérkennslu með frábæru teymi sérkennslunnar. Við tókum á það ráð að breyta uppsetningu sérkennslunnar síðasta haust og er þetta fyrsti veturinn með því formi. Unnið er í teymum, bæði með hvert og eitt barn og þvert á sérkennsluna. Fagmenn sérkennslunnar sjá um þjálfun þar sem börn eru tekin út úr aðstæðum og þjálfuð sérstaklega þar sem það á við og svo eru það hinir sem sinna beinni kennslu inn á deildum og fylgja börnunum eftir í daglegu starfi skólans. Þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel í vetur og höfum við séð miklar framfarir á mjög skömmum tíma hjá flestum börnunum okkar sem hafa fengið þessa þjónustu. Munum við halda áfram með þetta fyrirkomulag og þróa það áfram

þar sem við sjáum miklu markvissari eftirfylgni og mælanlegri framfarir ásamt því að nýta mannauðinn betur.

Samkvæmt Farsældarlögum landsins ber hverjum skóla að vera með fulltrúa sem sinnir hlutverki tengiliðar farsældar. Hlutverk tengiliða og farsældarlaga er að hlúa að velferð og farsæld barna með eftirfylgni þannig að öll börn fái notið sín á eigin forsendum í skólum landsins. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á auknum stuðningi þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Þetta er gert til að gera alla þjónustu skilvirkari og þægilegri fyrir alla. Í Sunnuási eru tveir tengiliðir farsældar og eru það aðst. leikskólastjórinn og sérkennslustjórinn sem hafa sinnt því starfi af mikilli fyrirmynd og hafa staðið vel við bakið á foreldrum og börnum sem hafa þurft að nýta sér þá þjónustu eða aðstoð.

Lausnateymisfundir voru haldnir í skólanum þar sem sérfræðingar Norðurmiðstöðvar halda fundi með stjórnendum skólans þar sem farið er yfir málefni barna sem við teljum að þurfi einhverskonar aðstoð og/eða að deildir skólans þurfi leiðsögn. Í teyminu eru sérkennsluráðgjafi, talmeinafræðingur, hegðunarráðgjafi ofl. frá Norðurmiðstöð ásamt sérkennslustjóra og stjórnendum Sunnuáss. Teyminu er ætlað að veita stuðning og fræðslu í málefnum barna og tryggja framgöngu mála út frá þörfum barnanna og aðstæðum þeirra. Áður en teymið er kallað til hefur leikskólinn unnið markvisst að málefnum barnsins, greint stöðuna t.d. með AEPS, Tras eða Hljóm og metið svo að þörf sé á frekari stuðningi.

Á fundunum fá deildarstjórar beina leiðsögn í einstökum málum og verkfæri til að leysa ýmis vandamál sem þeir standa frammi fyrir. Fundirnir voru 5 í vetur og fannst deildarstjórum þeir hjálpa mikið með þeirri leiðsögn sem þeim fylgdi. Í kjölfar funda er svo ákveðið hvort kalla eigi til frekari þjónustu eins og sálfræðimati eða málþroskamati frá Norðurmiðstöð.

Starfsmannafélagið var búið að standa í stórræðum allan veturinn við ýmsar safnanir og var haldið bingókvöld fyrir starfsmenn, foreldra og vini í fjáröflunarskyni sem gekk vonum framar. Var mjög vel mætt á alla viðburði skólans sem starfsmannafélagið stóð fyrir. Í skólanum starfar mjög öflugt starfsmannafélag sem heldur úti sjoppu sem stendur kostnað af flestum skemmtunum starfsmanna og er skemmtinefnd skólans öflug og sér hún til þess að það séu örar skemmtanir sem allir geta fundið við sitt hæfi. Í vetur voru bíókvöld, bingó,

Pub Quiz, jólagleði, spilakvöld, þemakvöld og margt annað skemmtilegt gert til að efla og styrkja starfsmannagleði skólans sem er svo mikilvæg.

Leikskólastjóri fór til Kanada á haustmánuðum með öðrum leikskólastjórum á vegum SFS sem sá um umsjón og skipulag á þeirri ferð. Tilgangur ferðarinnar var að auðga vitneskju okkar um aðferðir og nálgun þeirra í menntamálum og sátum við nokkra fyrirlestra um ágæti fjölmenningar, uppsetningu náms, aðferðafræði náms ungra barna, námsframboð og fleira tengt menntastefnu þeirra ásamt því að fara í heimsókn í tvo skóla og fá kynningu á vettvangi sem gefur manni alltaf mest að sjá hlutina í framkvæmd. Mjög skemmtileg og gefandi ferð sem hafði þann tilgang einnig að kynnast öðrum leikskólastjórum borgarinnar og starfsfólki SFS sem fór með okkur.





Næsta vetur hefur okkur verið boðið að taka þátt í Erasmus verkefni til að efla fagvitund og samstarf kennara frá ólíkum menningarheimum. Við erum skráð til þátttöku í haust og verður spennandi að fá tækifæri til samstarfs við annað fagfólk með öðruvísi forsendur en eru hér á íslandi. Verður spennandi en á eftir að koma almennilega í ljós í hvernig farveg þetta verkefni fer og verðum við eflaust kölluð á skipulagfund síðar til að fara yfir forsendur samstarfsins þegar það liggur fyrir hvaða þátttakendur verða með í verkefninu.

Í maí fórum við af stað með sundnámskeið fyrir elstu börn skólans sem kom frábærlega út og tóku öll börn þátt í sundinu sem eru 14 talsins. Farið var 2x í viku í Laugardalslaug og var hópnum skipt til helminga og fóru 3-5 starfsmenn með hverju sinni. Við erum svo heppin að deildarstjóri elsta árgangsins er íþróttakennari og tók hún þetta verkefni að sér með samþykki allra foreldra. Farið var með öll börn í nokkur skipti til reynslu og voru 3 börn í hópnum búin að ná viðmiðum í sundi 1. bekkjar á þessum tíma. Börnum og starfsfólki fannst þetta mjög gaman og sáum við að sérkennslubörnin okkar blómstruðu í þessum aðstæðum sem við fögnuðum því ekki hafa allir sömu tök á að vinna sömu verkefni og jafnaldrar. Við munum fara af stað með þetta verkefni aftur næsta haust og þá verður verkefnið látið flæða betur yfir veturinn því nú er komin reynsla á það og höfum við séð að sundnámskeið ungra barna ýtir undir sjálfshjálp, frumkvæði, þor, samhæfingu og dugnað sem er börnum nauðsynlegt að læra í gegnum ólíkar aðstæður.

Stjórnendateymið hefur tekið þá ákvörðun að festa þemavinnu fyrir haustið þannig að allur skólinn vinni á sama tíma með sömu þemu til að samræma áherslur og samvinnu milli deilda. Til að þessi samvinna og áherslur séu samtvinnaðar inn í starfið þá hefur verið ákveðið að búa til vinnuhópa fyrir þær áherslur sem skólinn vinnur eftir. Í þessum vinnuhópum hittist það starfsfólk sem er með yfirumsjón yfir verkefnum og ræðir gang mála. Til að mynda yrðum við með vinnuhópa í kringum Lubbi finnur málbein, Vináttuverkefnið Blær og þess háttar. Þessir hópar myndu hittast 1x í mánuði og samræma sig eftir aldri og getu barnahópsins. Þetta er hugsað til að samvinna aukist þvert á leikskólann og þannig að allt starfsfólk viti hvernig aðrar deildir vinna með sama námsefnið innan skólans, til að fá hugmyndir eða aðstoð við að leysa verkefni. Hugsunin er að reyna að samræma nám barnanna innan veggja skólans betur þar sem okkur finnst við ekki hafa náð að samræma okkur nógu vel. Þar hafa flutningar og óhagstætt húsnæði valdið því að við höfum ekki náð nógu góðri samræmingu í skólann en von okkar er að nýja húsnæðið muni hjálpa til við þessa vinnu.

Í haust verður byrjað á að uppfæra og gera nýja skólanámskrá Sunnuáss þar sem reglugerðir og lög um leikskóla setja skýrar reglur um að hver leikskóli eigi sína skólanámskrá sem m.a. endurspeglar áherslur skólans, lýsir námsframboði skólans, námsframvindu og mati á skólastarfi út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Farið verður í þá vinnu af fullum þunga

þar sem vinnan verður unnin á starfsdögum,  í gegnum námskeið, samráðsfundi, í undirbúningstímum starfsmanna og í samvinnu við Norðurmiðstöð og SFS sem eru stuðningur við stjórnendur í þeirri vinnu.

Starfsmannakönnun fyrir stofnun ársins á vegum Reykjavíkurborgar var gerð í vetur þar sem allt starfsfólk leikskólans fékk senda persónulega könnun í tölvupósti og var könnunin framkvæmd af Gallup október-desember 2023. Það var góð þátttaka í könnunni og var svörun hjá okkur 31 starfsmaður af 42 á launaskrá. Við erum mjög ánægð með niðurstöður hennar og erum við hástökkvarar á milli ára og fögnum við því. Við erum yfir meðallagi í öllum þáttum þar sem við getum haft áhrif á eins og það að geta leitað til næsta yfirmanns, fá hvatningu frá sínum yfirmanni ásamt stuðningi og sveigjanleika. En við komum ekki með háa einkunn helst í þeim þáttum sem við getum ekki haft áhrif eins og launakjör, hljóðvist og loftgæði svo eitthvað sé talið. Hér fyrir neðan er hægt að sjá hæstu og lægstu gildi okkar í könnunni. Við förum stolt inn í næsta vetur með þessar niðurstöður í farteskinu (sjá mynd).



Nokkrar breytingar verða í haust í starfsmannahópnum og er það helst að Rakel Ólafsdóttir aðst. leikskólastjóri er búin að ráða sig sem leikskólastjóra í leikskólann Björtuhlíð og byrjar þar í ágúst. Viljum við nota tækifærið og óska henni velfarnaðar í nýja starfinu sínu og þökkum henni um leið það frábæra starf sem hún hefur unnt hér í Sunnuási á síðustu árum. Hún hefur verið einn af máttarstólpum leikskólans í framsækni á síðustu árum ásamt því að taka þátt í flutningum og myglu sem við í Sunnuási fórum auðveldlega í gegnum vegna góðrar samvinnu starfsfólks og foreldra sem gerðu þetta allt svo auðvelt.

Með þökk fyrir veturinn og fögnum þeim áskorunum sem taka á móti okkur í haust.

Kv. Agnes í Sunnuás

# 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

## Innra mat

| Hvað var metið? | Skipulagt starf leikskólans og þekking starfsmanna |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Var tekið á starfsdögum þar sem farið var ítarlega í innra mat og umbótaráætlun hjá öllum deildum og sérkennslu. Deildarstjórar funduðu og settu saman eina, sameiginlega umbótaráætlun fyrir allar deildir. Einnig var starfið metið jafnóðum yfir árið á deildarfundum, deildarstjórafundum og í samtölum við starfsfólk. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir** | Starfsfólk og stjórnendur leikskólans. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Vel gekk að sinna innra starfi leikskólans fyrri hluta vetur.  Eftir áramót urðu breytingar þar sem við fjölguðum deildum úr fimm í sex og hafði það ásamt yfirvofandi flutningum áhrif á skipulagið.  Helsti styrkleiki starfsins er hversu vel mönnuð við höfum verið og með litla starfsmannaveltu þrátt fyrir miklar breytingar og flutninga. Með því höfum við náð að byggja upp þekkingu innanhúss og ekki síst með því fjölmarga starfsfólki sem stundar nám í kennslufræðum með vinnu. Við erum með fjölbreyttan hóp starfsfólks sem hefur náð að nýta sína styrkleika í starfi með börnunum, hvort sem það er hópastarf, tónlist, sérkennsla eða annað.<br>Tækifæri til umbóta felst í að auka lýðræði í samræmi við námskrá með því að virkja börnin meira í mat og skipulag starfsins. |

## Ytra mat

| Hvað var metið? | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Starfsmannakönnun sem kom mjög vel út.<br>Engin foreldrakönnun var framkvæmd þetta skólaárið en til stendur að gera það á komandi ári.<br>Foreldrasamvinnan var mjög góð. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir** | Starfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Af fimm lægstu þáttunum voru þrír tengdir launamálum og hinir tveir snerust um loftgæði og hljóðvist. Gera má ráð fyrir að þeim þáttum hafi verið sinnt með flutningi í nýtt og glæsilegt húsnæði. Efstu fimm þættirnir endurspegluðu helst ánægju með stjórnun, stuðning og sveigjanleika sem er frábært að sjá enda þættir sem hafa mikið að segja varðandi líðan starfsfólks og starfsánægju. |







# 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

| **Stjórnun-mannauður/leikskólabragur-innra mat** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Stjórnun |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Innleiðing skipulags á starfi og eftirfylgni með þeim verkefnum sem ákveðið hefur verið að ráðast í. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Taka reglulega upp umbótaráætlun á deildarfundum, meta hvar við stöndum og skipuleggja næstu skref. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjórar, sérkennslustjóri og leikskólastjórar |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Sept ´24 – maí ´25 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Metið reglulega á deildarfundum og deildarstjórafundum. Leikskólastjóri og sérkennslustjóri leiða verkefnið og styðja við deildarstjóra sem svo skila framgangsskýrslu deildarstjóra til leikskólastjóra 1x í mánuði. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Aukið gagnsæi í faglegu starfi leikskólans. Skýr stefna, skipulag gott og starfsfólk fær tækifæri til að nýta styrkleika sína í starfi. Aukin samvinna milli deilda. |

| **Stjórnun-mannauður/leikskólabragur-innra mat** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Uppeldis- og menntastarf |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Að allir starfsmenn þekki og starfi samkvæmt námskrá, menntastefnu og þeim stefnum sem skólinn vinnur með. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Reglulegir deildarfundir, skipulagðari undirbúningur starfsmanna, fræðsla á starfsdögum, eftirfylgni með umbótaráætlunum deilda, sérkennslu og Fjölmenningar. |
| **Ábyrgð** | Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Sept ´24 – maí ´25 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Samtal stjórnenda, deildarstjóra og starfsmanna. Tíðni og gæði undirbúnings starfsmanna. Tíðni og gæði deildarfunda (metið með fundargerðum sem allir starfsmenn kvitta undir). Framgangsskýrsla til leikskólastjóra sem deildarstjórar skila 1x í mánuði. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Aukin þekking og faglegra starf þar sem allt starfsfólk hefur stuðning, tækifæri og tól til að láta ljós sitt skína í þágu barnanna okkar. |

# 4 Innra mat deilda 2023-2024

**Barnhóll** (Börn fædd 2022-2023)

*Styrkleikar:* Skólaárið gekk ágætlega. Við hófum hópastarfið í kjölfar aðlögunar í október og vorum með hreyfistundir í sal 2x í viku. Eftir áramót byrjaði aðlögun á ný og hópurinn yngdist svo við fórum meira í málörvun og hreyfingu.

Við vinnum að því að auka sjálfstæði barnanna því það er svo gaman þegar maður getur sjálfur. Við hrósum þeim þegar þau sýna sjálfstæði og veitum aðstoð þegar þau biðja um hana.

*Tækifæri:* Barnahópurinn er að yngjast og margir að byrja um 12 mánaða aldur. Með þessu er eðlilegt að áherslur breytist eitthvað en þó er aðal áherslan alltaf á aukið sjálfstæði. Hér er einnig mikilvægt að leggja inn góða málörvun sem hentar þessum aldurshópi og leggja þannig grunn að framtíðinni.

Við mættum gera betur í tengslum við aðlögun barna, m.a. með því að setja ákveðinn starfsmann á það barn sem verið er að aðlaga. Bæði eykur það öryggi barnsins og tengsl við foreldra. Sum börnin eru svo fljót að velja sér starfsmann sem þau vilja helst tengjast og þá tökum við tillit til þess.

**Álfholt** (Börn fædd 2021-2022)

*Styrkleikar:* Góð samskipti og gott andrúmsloft voru án efa stærstu styrkleikarnir á deildinni okkar. Við vorum líka nokkuð vel skipulögð (fyrir breytingar í febrúar) og allir starfsmenn vissu hvaða verkefni þeim voru falin. Lubbasmiðja gekk einstaklega vel þegar Lára sá um það. Leikur að læra og listasmiðja voru einnig mjög vel skipulögð og vel framkvæmd. Það gekk líka mjög vel að útbúa jólagjafir með börnum. Hver einasti starfsmaður fékk sinn skerf af þessu verkefni og ekki bara einn maður þurfti að hugsa um það.

*Tækifæri:* Blær eða vináttustund hefði mátt vera betur skipulögð og framkvæmd. Þetta var að gerast mun sjaldnar og svo þegar barnahópurinn og starfsmannahópurinn breyttist í febrúar vorum við ekki mjög dugleg að halda áfram. Við héldum ekki marga deildarfundi. Þetta leiddi örugglega til verra skipulags og samskipta þegar starfsmannahópurinn breyttist eftir áramót.

**Langisandur** (Börn fædd 2020 - 2021)

*Styrkleikar:* Við vorum með gott skipulag deildar þar sem bæði starfsfólk og börn vissu til hvers var ætlast til af þeim. Ýtt hefur verið undir sanngjarnan en strangan ramma um hegðun inni á deild sem hefur fært mikið öryggi í barnahópinn og hefur auðveldað þeim að taka þátt í starfinu.

Samskipti starfsfólks á deildinni hafa gengið mjög vel og hafa verið mjög stöðug. Það hefur ýtt undir það að starfsfólk skilji betur rökstuðning bak við reglur deildarinnar og er því líklegra til að framfylgja þeim. Einnig hefur starfsandinn verið mjög góður og starfsfólk einstaklega tilbúið við að aðstoða hvert annað og ganga í önnur störf ef þess þarf.

*Tækifæri:* Hópastarfið mætti bæta en mikill óregla komst á það með miklum breytingum á barnahópnum og ekki tókst nægilega vel að halda það reglulega. Þegar loks var komið aftur á rétta braut tóku við flutningar í nýtt húsnæði sem setti einnig strik í reikninginn. En með meiri reglu í húsnæðismálum og barnahópnum ásamt umbótaræ tlun varðandi hópastarf þá liggur fyrir mun skýrara og reglulegra skipulag hópastarfs á næsta skólaári.

Vegna góðs starfsanda og samtals á milli reglulega starfsfólkshópsins á deildinni fór oft á mis samtalið þegar nýir starfsmenn komu til aðstoðar inni á deild. Hér mætti hafa skýrara skipulag á ábyrgðum starfsmanna frá degi til dags en einnig þarf að vera meðvitaður um það að hafa alla starfsmenn deildar, hvort sem það er afleysing eður ei með í samtalinu varðandi skipulag dagsins og úthlutun ábyrgðar.

**Ás** (Börn fædd 2021)

*Styrkleikar*: Samskipti starfsmanna hafa verið mjög opin og góð sem hefur leitt af sér faglegra starf og góða nýtingu á styrkleikum starfsmanna. Hópastarfið gekk vel fyrri hluta vetur og tók stöðugum aðlögunum eftir því sem þörf var á. Áherslur í námi voru m.a. litirnir, dýrin, fatnaður og líkaminn ásamt sjálfshjálp þar sem mörg börn voru að hætta á bleyju.

*Tækifæri:* Það sem mætti bæta eru ferðir deildarinnar og útikennsla. Við viljum líka vera duglegri með Vináttuverkefnið Blær og finna betri leið til að kynna það fyrir yngri aldurshópnum okkar.

**Langholt** (Börn fædd 2019 - 2020)

*Styrkleikar:* Deildin var mjög dugleg að hafa Blæ vináttuverkefni mjög sýnilegt. Bók vikunnar sló vel í gegn og var mjög oft sýnilegt. Listasmiðju verkefni voru mörg og sást varla í beran vegg inn á deild út af verkefnum. Samverur urðu mjög góðar hvort sem það var tónlist, lestur eða samræður en við byrjuðum samverur alltaf á jóga sem sló verulega í gegn hjá börnum. Mjög flott var að sjá hvað börnin voru tilbúin að vera með í öllu því sem við vorum að gera. Gönguferðir og ferðir almennt hafa gengið mjög vel og eru börnin í flestum tilvikum að fylgja þeim reglum sem settar hafa verið.

*Tækifæri:* Þótt að sjónrænt dagskipulag sé orðið mjög flott í dag þá byrjaði það erfiðlega en lagaðist það með tímanum. Það er í dag orðið mjög skipulagt og flott en tækifæri er til að halda áfram með það og betrumbæta. Val barnanna hefði mátt vera mun betra og jafnvel aðeins lýðræðislegra. Það kom upp hugmynd um daginn að nota lukkuhjól til þess að velja valið eða að hafa lýðræðislega kosningu um valið, ekki bara velja eitthvað og börnin hafa ekki um neitt að segja hvað yrði í valinu. Hópastarfið var á tímabili flókið þar sem að sumir voru óöruggir með námsefnið sem við erum að kenna, þrátt fyrir námskeið og þesshátttar. Ferðirnar út fyrir leikskólann mega vera tíðari en við höfum notað hvert tækifæri síðan að við fluttum aftur að fara út fyrir svæði leikskólans.

Passa þarf upp á samsetningu barna í hópastarfi og í vali þar sem einhver börn eiga mjög erfitt að vera saman í hóp og/eða leik. Stærsta tækifæri starfsmanna er að halda jákvæðni, taka eftir því sem börnin gera vel, hrósa og hætta að sýna börnum neikvæða athygli.

**Hlíðarendi** (Börn fædd 2018-2019)

*Styrkleikar:* Starfsfólk deildarinnar er mjög samheldið og samvinna gekk vel. Hópastarf forfallaðist mjög sjaldan og var hópastarfið bæði fjölbreytilegt og markvisst.

Útinám gekk vel, við heimsóttum leikvelli í hverfinu, fórum í fræðslu um ýmsa hluti eins og húsdýr, plöntur, hvali, fiska og söfn. Síðan tengdum við það við starf á deildinni með list eða samverustund eftir á. Við æfðum umferðareglurnar markvisst, bæði með ferðum, með lesefni og tölvuleik.

*Tækifæri:* Hvetja deildarstarfsmenn til meira sjálfstæðis varðandi undirbúningstíma þeirra, kom reglulega fyrir að þau gleymdu að fara. Í útiverunni eftir flutninga er hægt að gera miklu meira, garðurinn hér býður upp á fleiri hluti en í Kringlunni. Eins og hópleiki, hjól, sand í sandkassanum.

Meira skipulag í kringum Gefðu 10, starfsmenn þurfa að minna hvort annað á að skrá.

**Umbótaáætlun deilda 2024-2025 má finna í fylgiskjölum**





# 5 Innra mat sérkennslu

## Mat á sérkennslu 2023-2024

| **Skipulagning sérkennslu**<br>Hvernig var sérkennslan skipulögð; | Á þessu tímabili voru 11 börn með úthlutaðan tíma til sérkennslu. Þar af voru tíu í 1.flokk og eitt barn í 2.flokk. Alls sinnti sérkennslan að meðaltali 70 – 75 tímum í sérkennslu á dag. Með tilkomu Snorra voru svo 8 börn skráð í snemmtæka íhlutun.<br>Þeir sem störfuðu við sérkennsluna á þessu tímabili voru einn sérkennslustjóri og 12-14 þjálfar í mismikilli prósentu. Almennt gekk vel að ráða í stöður sérkennslustarfsmanna. Við fengum mikið af flottu fólki með ýmis konar bakgrunn og menntun. Þrátt fyrir þennan fjölda starfsmanna náðum við ekki að fullmanna allar stöður nema í stutta stund.<br>Í vetur keyrðum við af stað tilraunaverkefni þar sem við nýttum bæði AEPS og VB-mapp. Ákveðnir þjálfar sáu um VB og aðrir þjálfar unnu út frá AEPS. Mikil áhersla var lögð á teymisvinnu og fundir haldnir reglulega framan af vetri. Bæði fyrir sérkennsluna alla og teymi hvers barns fyrir sig. Starfsmenn voru almennt mjög sáttir við teymisvinnuna og framlag  og stuðning sérkennslustjóra.<br>Teymisfundir eru haldnir þrisvar sinnum að vetri með foreldrum barna sem njóta sérkennslu skv. áætlun frá 2022 – 2023. Ef sérstök málefni koma upp er fundað oftar. |
|---|---|

| | |
|---|---|
| | Sérkennslustjóri og þjálfar barns mæta á slíka fundi ásamt því að deildarstjóri kemur stundum ef talin er þörf á. Sérkennsluráðgjafi frá þjónustumiðstöð hefur ekki mætt á þessa fundi heldur eru þeir fundir haldnir sér eftir þörfum hverju sinni. Foreldrar eru einnig hvattir til að óska eftir fundum þegar þeir telja þörf á. Við vorum mjög ánægð með samstarf við sérkennsluráðgjafana okkar. Nýja ferlið í tengslum við lausnarteymi hefur einnig gengið vel og góður stuðningur frá fagfólki Norðurmiðstöðvar komið í gegnum það samtarf. Það hefur m.a. orðið til þess að deildarstjórar hafa í auknum mæli tekið AEPS á börnum og segja það hafa veitt sér bæði innsýn og aðhald. |
| Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? | Öll börnin voru með einstaklingsnámskrár sem uppfærðar eru reglulega. Námskrár voru unnar út frá AEPS annars vegar og VB mapp hinsvegar. Til stóð að keyra saman þessar tvær áætlanir eins og hægt væri en það hefur ekki verið gert ennþá. Þó eru allir þjálfar meðvitaðir um hvað aðrir þjálfar eru að vinna með og því mismunandi áherslur í áætlunum. |
| Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram | Unnið var með börnunum bæði á deild og í einstaklingskennslu. T.d. eru AEPS þjálfar að leggja meiri áherslu á félagsfærni, sjálfshjálp, málþroska, grófhreyfingar og |

| | |
|---|---|
| innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? | styðja við börnin í daglegu starfi svo barnið sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu á meðan VB-mapp þjálfar sinna innlögn orðaforða, skilnings, óyrta og yrta nefnun í vinnustundum. Almennt unnu þessi kerfi vel saman og bættu hvort annað upp. Til viðbótar við þetta unnum við mikið með Lubba sem skilaði miklum framförum í málþroska barnanna. Sérhæfðir þjálfar sáu um innlögn á PECS en allir þjálfar fengu kennslu og notuðu PECS ásamt sjónrænu dagskipulagi. |
| Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? | Starfsfólk deilda fékk fræðslu í vetur varðandi notkun PECS og sjónræns dagskipulags og mikilvægi tengslamyndunar. Eins bauðst þeim að sitja fyrirlestur um einhverfu. Deildarstjórar eru upplýstir um stöðu barnanna og þjálfar sitja deildarfundi til að tryggja samfellu í starfi. Starfsfólk deilda hefur almennt verið mjög opið og sveigjanlegt varðandi börn með sérþarfir og gerir sitt besta til að þau börn séu virkir þátttakendur og hafi gaman af leik og starfi. |
| Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Áhersla var lögð á að skráningar væru góðar, bæði í AEPS, VB Mapp og daglegu starfi. Þjálfar nýttu sér dagbækur til að samræma störf, gætt var að því að notast einungis við skammstafanir nafna barna til |

| | |
|---|---|
| | að gæta að persónuvernd. Hér megum við standa okkur betur, sjá umbótaáætlun. |
| **Hvaða matsgögn voru notuð?**<br><br>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl. | • TRAS – Deildarstjórar<br>• HLJÓM-2 – Aðstoðarleikskólastjóri fyrir eldri börnin<br>• EFI-2 – Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri fyrir börn upp að 3,5 ára<br>• AEPS – Sérkennsla<br>• VB-MAPP - Sérkennsla |
| **Hvaða námsefni var notað?**<br><br>Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn? | • Verbal behavior Milestones Assesment and Placement Program (VB-Mapp) bækur og efni.<br>• Góður gagnagrunnur í VB-Mapp sem þjálfar hafa unnið<br>• Við erum með verkefnabanka í möppum og á tölvutæku formi fyrir verkefni úr AEPS eins og fínhreyfingar, grófhreyfingar, málþroska og félagsfærni<br>• Unnið var með Lubbi finnur málbein - lög, dót sem byrjar á bókstafnum, táknin fyrir hvern staf<br>• Notum Widget til að búa til PECS og sjónrænt dagskipulag.<br>• Canva til að undirbúa verkefni<br>• Í iPad - Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull og Georg og félagar |

## Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

| Deild/aldur barna | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur,** | Styrkja teymisvinnuna, m.a. með reglulegri teymisfundum, bættum skráningum, aukinni samvinnu við deildir og foreldra og miðlun fræðslu til allra starfsmanna og foreldra. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Markvisst starf sérkennslu með innlögn náms sem svo skilar sér í yfirfærslu í daglegu lífi barns, bæði hér í leikskólanum og heima. Tilgangurinn er alltaf sá að auka lífsgæði barna og auðvelda þeim næstu skref út í lífið. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Teymin fundi reglulega á 2.vikna fresti, aðhald með skráningum, þátttaka í deildarfundum, miðlun fræðslu til starfsmanna á starfsdögum og deildarfundum, markvissari foreldraviðtöl og miðlun fræðslu til foreldra. |
| **Ábyrgð** | Ábyrgð er í höndum alls sérkennsluteymis, sérkennslustjóri sér um eftirfylgni og utanumhald. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Flest þessara verkefna eru nú þegar hafin, önnur hefjast með haustinu (sept. ´24). Allt eru þetta langtímaverkefni sem í raun lýkur ekki en verða endurmetin reglulega. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Við metum árangur jafnt og þétt á teymisfundum. Tökum stöðuna og endurmetum aðgerðarplan ef þurfa þykir. Skráningar þjálfa sýna einnig vel hversu miklum árangri við náum í starfi og framfarir hvers barns fyrir sig. Við tökum líka stöðuna með deildarstjórum og starfsmönnum til að meta árangur samvinnu og fræðsluerinda.<br>Matslistar VB-Mapp, AEPS og EFI 2 til að meta árangur. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Viðmið um árangur í starfi sérkennslu eru mjög skýr þar sem við vinnum eftir ákveðnum matslistum. Viðmið um árangur fræðslu er að allir vinni eftir sömu aðferðum, þekki helstu verkfærin og kunni að nýta sér þau.<br>2 teymisfundir með öllum þjálfum í mánuði. 4 fundir á skólaárinu með foreldrum barns |

## 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

| | |
|---|---|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? | Fjármagnið hefur verið nýtt í verkefnastjóra fjölmenningar, sem hefur haldið utan um móttöku barnanna, fyrsta viðtal við foreldra, verið með málörvun, sett upp einstaklings áætlanir fyrir þau og haldið utan um framfarir þeirra.<br>Veturinn byrjaði á því að nýr verkefnastjóri fjölmenningar tók við. Stuttu eftir að hann tók við fór hann snögglega í fæðingarorlof. Þá tók aðst. leikskólastjóri við eins og mögulegt var. Hún tók fyrstu viðtöl við þá foreldra sem komu inn, setti upp plan og þess háttar. Seint í haust kom til okkar Grunnskólakennari í 50% starf til að sinna frekari málörvun. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10? | Á Sunnuási er markvisst verið að vinna með málörvun á ýmsan hátt, við notum Gefðu 10 sem hefur verið frábært tæki til að fylgjast með því að enginn gleymist. Við spilum mikið, erum að innleiða Lubba og við setjum mikla áherslu á lestur bóka og söng. Einnig hefur verkefnastjóri tónlistar sett upp lögin sjónrænt (með myndum) fyrir þau sem eiga erfitt með að ná textanum. |
| Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)? | Það er lögð mikil áhersla að setja orð á allar athafnir til að dýpka orðaforða og skilning í öllum aðstæðum. |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, *Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla*, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað? | Við höfum nýtt okkur hæfnirammana en meira svo sem viðmið. En við gerum einstaklingsáætlanir og svo tökum við EFI-2 þegar barnið er komið yfir 2,5 ár og svo Hljóm-2 þegar barnið er komið á elsta ár. Einnig er fylgst |

| | |
|---|---|
| | með framförum barnanna félagslega og málþroska þeirra með TRAS skimuninni. Þessi vinna er svo unnin í samstarfi við deildarstjóra þar sem deildin fer einnig í vinnu á deildinni með það sem mögulega vantar uppá hjá einstaka börnum. |
| Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, *Lesið í leik*, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Við á Sunnuási höfum verið með þessa þætti meira fljótandi og reynt ómarkvisst að fylgja öllum þessum þáttum eftir. Það verður breyting á næsta skólaári þar sem við erum að fara í markvissa vinnu á nýrri læsisáætlun sem og ætlum við okkur að koma á málstefnu hér hjá okkur sem okkur finnst mjög mikilvægt til að línurnar séu skýrari og að allir séu meðvitaðir hvert sé enda markmiðið. |

## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

| Deild/aldur barna | Barnhóll |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Á Barnhóli munu starfsmenn sjá mest um málörvun á sínum börnum. Þau eru það lítil að við tókum ákvörðun um að þau fái tíma til að fá að læra félagslega hlutann og málfræði í rólegheitum og sjá svo hvaða börn eru ekki náttúrulega að taka upp tungumálið og veita þeim þá stuðning sem eru ekki að taka framförum. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Stefnt er að því að taka eins á móti öllum börnum og foreldrum þeirra. Að fjöltyngd börn fái þjónustu til að auðvelda fyrstu skref þeirra í leikskóla með því að mótttakan sé skipulögð, einn starfsmaður sé lykil persóna og að foreldrar séu vel upplýstir um gang mála. Að setja upp námsefni fyrir þennan aldurshóp sem auðveldar starfsfólki að sinna málörvun á börnum 1-2 ára. Sjónrænt dagskipulag sé sýnilegt á öllum deildum og sé útfært fyrir hverja deild fyrir sig út frá aldri og getu. |

| | |
|---|---|
| | Vera duglegri að fylgja eftir GEFÐU 10 skráningum eftir. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Tala við deildarstjóra og finna hvað það er sem vantar til að geta sinnt málörvun með svona ungum börnum. Hvaða námsefni er við hæfi og hvað er of erfitt.<br>Minna á skráningar, mögulega hafa keppni á milli deilda til að búa til skemmtun í kringum GEFÐU 10 svo að það verði gert. |
| **Ábyrgð** | Tengiliður fjölmenningar í samstarfi við deildarstjóra |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Verkefnin byrja eru frá 1.sept til 1.júní. En ef barn þarf enn meiri aðstoð þá er það auðvitað endurhugsað. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Verkefnastjóri fjölmenningar fer inn á deildarfundi eftir þörfum og fer yfir framfarir barnsins og upplýsir um ef það er gerð ný einstaklings áætlun. Það eru ekki tekin nein próf á börnum á Barnhóli þannig að allt mat er frekar huglægt og reynt að þroska málþroska þeirra með því að setja orð á athafnir, söng og lestri. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Aldur deildarinnar gerir það að verkum að ekki er hægt að mæla markvisst framfarir þar sem þau eru of ung. En með samtalinu, aðstoð tengiliðar fjölmenningar og sérkennslustjóra er oft hægt að setja upp vinnu án þess að það sé formlegt mat búið að gera. |

| Deild/aldur barna | Álfholt |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Á Álfholti hafa starfsmenn séð um málörvun á sínum börnum. Þau eru það lítil að við tókum ákvörðun þar sem svo stór prósenta af börnum í leikskólanum er með fleiri en eitt tungumál að leyfa þessum yngstu að fá að læra félagslega hlutann og málfræði í rólegheitum og sjá svo hvaða börn eru ekki náttúrulega að taka upp tungumálið og veita þeim þá stuðning sem eru ekki að taka framförum. |

| | |
|---|---|
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Stefnt er að því að taka eins á móti öllum börnum og foreldrum þeirra. Að fjöltyngd börn fái þjónustu til að auðvelda fyrstu skref þeirra í leikskóla með því að mótttakan sé skipulögð, einn starfsmaður sé lykil persóna og að foreldrar séu vel upplýstir um gang mála. Að setja upp námsefni fyrir þennan aldurshóp sem auðveldar starfsfólki að sinna málörvun á börnum ca.2 ára.<br>Sjónrænt dagskipulag sé sýnilegt á öllum deildum og sé útfært fyrir hverja deild fyrir sig út frá aldri og getu.<br>Vera duglegri að fylgja eftir GEFÐU 10 skráningum eftir. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Samtal við deildarstjóra og finna hvað það er sem hver einstaklingur þarf frekari stuðning við inni á deild. Að sjónrænt dagskipulag sé notað markvissara og mögulega sett upp nokkrar myndir fyrir börn sem eru að hefja sína leikskólagöngu svo að þau skilji umhverfi sitt betur. |
| **Ábyrgð** | Tengiliður fjölmenningar í samstarfi við deildarstjóra |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Verkefnin byrja eru frá 1.sept til 1.júní. En ef barn þarf enn meiri aðstoð þá er það auðvitað endurhugsað. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Verkefnastjóri fjölmenningar fer inn á deildarfundi eftir þörfum og fer yfir framfarir barnsins og upplýsir um ef það er gerð ný einstaklings áætlun. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Við notum þær prófanir sem við höfum hér til að kanna árangur sem er EFI-2 og TRAS. Okkur finnst það mjög góð tæki til að sjá hvað þarf að vinna frekar með. |

| Deild/aldur barna | Ás |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Á Ási hafa starfsmenn séð að stórum hluta um málörvun á sínum börnum þar sem ekki var mikið um börn með fleiri tungumál en eitt á deildinni. Starfsfólk deildarinnar var mjög duglegt að vera með innlögn á málþroska í gegnum spil, lestur bóka, Lubba, söng og frjálsan leik. Deildin var |

| | |
|---|---|
| | með tvö börn sem þurftu meiri aðstoð, annað barnið kom nýtt til landsins og var því ekki með neina íslensku en hitt barnið var ekki að taka íslenskuna upp náttúrulega, því þurfti deildin að fylgja þeim betur eftir. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Stefnt er að því að taka eins á móti öllum börnum og foreldrum þeirra. Að fjöltyngd börn fái þá þjónustu til að auðvelda fyrstu skref þeirra í leikskóla með því að mótttakan sé skipulögð, einn starfsmaður sé lykil persóna og að foreldrar séu vel upplýstir um gang mála.<br>Sjónrænt dagskipulag sé sýnilegt á öllum deildum og sé útfært fyrir hverja deild fyrir sig út frá aldri og getu.<br>Vera duglegri að fylgja eftir GEFÐU 10 skráningum eftir. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Tengiliðurinn setur upp einstaklings áætlunina vinnur eftir henni með barninu og upplýsir starfsfólk á deildinni hvaða markmið er verið að vinna að hverju sinni.<br>Tengiliður fjölmenningar sé meiri stuðningur við deildarstjóra um hvernig eigi að vinna eftir einstaklingsáætlun hvers barns. |
| **Ábyrgð** | Tengiliður fjölmenningar í samstarfi við deildarstjóra |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Verkefnin byrja eru frá 1.sept til 1.júní. En ef barn þarf enn meiri aðstoð þá er það auðvitað endurhugsað. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Metið er á deildarfundum hvernig framfarir ganga og þá tekin ákvörðun um næstu skref. Einnig er unnið með TRAS, EFI-2 og árangur mældur. Ef deildarstjóra finnst tilefni til að þá er mál barnsins tekið upp á lausnateymisfundi. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Við notum þær prófanir sem við höfum hér til að kanna árangur sem er námsviðmið íslensku sem annað tungumál, EFI-2 og TRAS. Okkur finnst það mjög góð tæki til að sjá hvað þarf að vinna frekar með og hvað styrkleikar barnsins liggja. |

| Deild/aldur barna | Langisandur |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Á Langasandi á Tengiliður fjölmenningar í samstarfi við deildarstjóra að taka þau börn í einstaklingsþjálfun /hópþjálfun sem eru ekki að sýna þær framfarir sem við myndum vilja sjá. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Stefnt er að því að taka eins á móti öllum börnum og foreldrum þeirra. Að fjöltyngd börn fái þá þjónustu til að auðvelda fyrstu skref þeirra í leikskóla með því að mótttakan sé skipulögð, einn starfsmaður sé lykil persóna og að foreldrar séu vel upplýstir um gang mála.<br>Sjónrænt dagskipulag sé sýnilegt á öllum deildum og sé útfært fyrir hverja deild fyrir sig út frá aldri og getu.<br>Vera duglegri að fylgja eftir GEFÐU 10 skráningum eftir. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Tengiliðurinn setur upp einstaklings áætlunina vinnur eftir henni með barninu og upplýsir starfsfólk á deildinni hvaða markmið er verið að vinna að hverju sinni.<br>Tengiliður fjölmenningar sé meiri stuðningur við deildarstjóra um hvernig eigi að vinna eftir einstaklingsáætlun hvers barns. Ef að barn er ekki að fylgja námsviðmiðum sem set eru hverju sinni og eru í raun ekki að fylgja jafnöldrum sínum í málþroska þá þarf að fara af stað frekari vinna. |
| **Ábyrgð** | Tengiliður fjölmenningar í samstarfi við deildarstjóra |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Verkefnin byrja eru frá 1.sept til 1.júní. En ef barn þarf enn meiri aðstoð þá er það auðvitað endurhugsað. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Metið er á deildarfundum hvernig framfarir ganga og þá tekin ákvörðun um næstu skref. Einnig er unnið með TRAS, EFI-2 og árangur mældur. Ef deildarstjóra finnst tilefni til að þá er mál barnsins tekið upp á lausnateymisfundi. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Við notum þær prófanir sem við höfum hér til að kanna árangur sem er námsviðmið íslensku sem annað tungumál, EFI-2 og TRAS. |

| Deild/aldur barna | Langholt |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Á Langholti á Tengiliður fjölmenningar í samstarfi við deildarstjóra að taka þau börn í einstaklingsþjálfun /hópþjálfun sem eru ekki að sýna þær framfarir sem við myndum vilja sjá. Á Langholti viljum við að börn sem hafa verið í leikskólanum í einhvern tíma að þau séu komin með góða færni í íslensku. Þessi börn eru á sínu næst síðasta leikskóla ári og því mikið í mun að þau nái tökum á íslenskunni áður en þau fara í Hljóm-2 á elsta ári og svo í grunnskóla. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Stefnt er að því að taka eins á móti öllum börnum og foreldrum þeirra. Að fjöltyngd börn fái þá þjónustu til að auðvelda fyrstu skref þeirra í leikskóla með því að mótttakan sé skipulögð, einn starfsmaður sé lykil persóna og að foreldrar séu vel upplýstir um gang mála.<br>Sjónrænt dagskipulag sé sýnilegt á öllum deildum og sé útfært fyrir hverja deild fyrir sig út frá aldri og getu.<br>Vera duglegri að fylgja eftir GEFÐU 10 skráningum eftir.<br>Markmiðið er alltaf þjálfun fyrir Hljóm-2 og að börnin komi með góða færni á öllum sviðum prófsins. Því það er talið að það sé sama sem merki á milli gengi barns á Hljóm-2 og velgengni í grunnskóla. Því þarf Tengiliður fjölmenningar að vera með góða eftirfylgni á því að unnið sé eftir námsviðmiðum fjöltyngdra barna og einstaklings áætlun hvers barns fyrir sig. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Tengiliðurinn setur upp einstaklings áætlunina vinnur eftir henni með barninu og upplýsir starfsfólk á deildinni hvaða markmið er verið að vinna að hverju sinni.<br>Tengiliður fjölmenningar sé meiri stuðningur við deildarstjóra um hvernig eigi að vinna eftir einstaklingsáætlun hvers barns. Ef að barn er ekki að fylgja námsviðmiðum sem sett eru hverju sinni og eru í raun ekki að fylgja jafnöldrum sínum í málþroska þá þarf að fara af stað frekari vinna. |

| | |
|---|---|
| **Ábyrgð** | Tengiliður fjölmenningar í samstarfi við deildarstjóra |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Verkefnin byrja eru frá 1.sept til 1.júní. En ef barn þarf enn meiri aðstoð þá er það auðvitað endurhugsað. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Metið er á deildarfundum hvernig framfarir ganga og þá tekin ákvörðun um næstu skref. Einnig er unnið með TRAS, EFI-2 og árangur mældur eftir niðurstöðu prófana. Ef deildarstjóra finnst tilefni til, þá er mál barnsins tekið upp á lausnateymisfundi. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Við notum þær prófanir sem við höfum hér til að kanna árangur sem er námsviðmið íslensku sem annað tungumál, EFI-2 og TRAS. Okkur finnst það mjög góð tæki til að sjá hvað þarf að vinna frekar með og hvar styrkleikar barnsins liggja. |

| **Deild/aldur barna** | **Hlíðarendi** |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Á Hlíðarenda á Tengiliður fjölmenningar í samstarfi við deildarstjóra að taka þau börn í einstaklingsþjálfun /hópþjálfun sem eru ekki að sýna þær framfarir sem við myndum vilja sjá. Á Hlíðarenda viljum við að börn sem hafa verið í leikskólanum í einhvern tíma séu komin með góða færni í íslensku. Þessi börn eru á sínu síðasta leikskóla ári og því mikið í mun að þau nái tökum á íslenskunn. Börn á síðasta ári í leikskóla fara í Hljóm-2 próf þar sem verið er að prófa fjölbreytta færni í máltöku. Prófið er tekið í september og þau börn sem koma illa út úr þessu prófi fara í markvissa þjálfun á þessum hlutum og eru svo prófuð aftur í febrúar. Foreldrar fá að fylgjast með gangi mála og ef þörf þykið að þá fá foreldrar verkefni eða hugmyndir af verkefnum til að þjálfa heima. |

| | |
|---|---|
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Stefnt er að því að taka eins á móti öllum börnum og foreldrum þeirra. Að fjöltyngd börn fái þá þjónustu til að auðvelda fyrstu skref þeirra í leikskóla með því að mótttakan sé skipulögð, einn starfsmaður sé lykil persóna og að foreldrar séu vel upplýstir um gang mála..<br>Sjónrænt dagskipulag sé sýnilegt á öllum deildum og sé útfært fyrir hverja deild fyrir sig út frá aldri og getu.<br>Vera duglegri að fylgja eftir GEFÐU 10 skráningum eftir. Á þessu síðasta ári í leikskóla er markmiðið alltaf undirbúningur fyrir grunnskóla. Að börnin séu undirbúin og standi jafnöldrum sínum jafnfætis málþroskalega sem og félagslega og því er svo mikilvægt að haldið sé vel utan um börnin okkar sem eru með fleiri en eitt tungumál því eins og við vitum þá er það mis erfitt fyrir okkur að læra ný tungumál. Ef við eigum erfitt með að læra tungumál að þá geta komið upp önnur vandamál líkt og félagslega, hegðunarlega og líðan barns getur breyst. Því er svo mikilvægt að á síðasta ári barna í leikskóla að undirbúningurinn fyrir næsta skólastig sé í hávegum hafður. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Tengiliðurinn setur upp einstaklings áætlunina vinnur eftir henni með barninu og upplýsir starfsfólk á deildinni hvaða markmið er verið að vinna að hverju sinni.<br>Tengiliður fjölmenningar sé meiri stuðningur við deildarstjóra um hvernig eigi að vinna eftir einstaklingsáætlun hvers barns. Ef að barn er ekki að fylgja námsviðmiðum sem sett eru hverju sinni og eru í raun ekki að fylgja jafnöldrum sínum í málþroska þá þarf að fara af stað frekari vinna. |
| **Ábyrgð** | Tengiliður fjölmenningar í samstarfi við deildarstjóra |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Verkefnin byrja eru frá 1.sept til 1.júní. En ef barn þarf enn meiri aðstoð þá er það auðvitað endurhugsað. |
| **Hvenær og hvernig á að meta?**<br>**Hvaða aðferðir á að nota við matið** | Metið er á deildarfundum hvernig framfarir ganga og þá tekin ákvörðun um næstu skref. Ef þörf þykir þá er gott að hafa TRAS og EFI-2 sér við hlið til að sjá frekari mynd hvað |

| | |
|---|---|
| **(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | þarf að vinna frekar með. Ef deildarstjóra finnst tilefni til, þá er mál barnsins tekið upp á lausnateymisfundi. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Viðmiðið er alltaf námsviðmið íslensku sem annað tungumál og Hljóm-2 því það segir okkur hvar barnið stendur í skilningi á íslensku máli. Ef okkur finnst það eitt og sér ekki svara spurningum okkar að þá er alltaf hægt að fá að ræða við sérkennslustjóra um það hvort þurfi að skoða vandann frekar. |

Börn á elstu deild skólans voru tekin í viðtal og spurð hvernig væri drauma skólinn þeirra og hvernig myndu þau vilja hafa í nýja skólanum sínum sem eru í endurbyggingu. Þau lágu ekki á svörum sínum og það sem stóð hæst var að inn í nýja skólanum þyrfti að vera: Playstation herbergi, kisu herbergi, boðið upp á ís, Skopp herbergi svo eitthvað sé nefnt. Kemur í ljós hvort þessir draumar verði að veruleika þegar nýr og betrumbættur leikskóli verður byggður. En mjög gaman að líta inn í hugarheim þeirra og sjá hvað þau myndu helst vilja hafa.

# 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í vetur fór allt starfsfólk leikskólans í starfsþróunarsamtal við leikskólastjóra og aðst. leikskólastjóra. Leikskólastjóri tók alla stjórnendur og svo var öðrum starfsmönnum skipt á milli þeirra tveggja. Gekk vel að halda áætlun í þeim og tókst að taka alla þrátt fyrir flutninga sem komu inn á því tímabili sem viðtölin voru sett. Einnig hafa deildarstjórar/sérkennslustjóri í vetur verið dugleg að taka starfsfólk sitt í örviðtöl þar sem deildarstjóri/sérkennslustjóri og starfsmaður fá tækifæri til að eiga samtalið maður á mann. Við lítum svo á að þarna er verið að fara yfir líðan starfsmanns á deildinni og fara yfir hvort  áhugasvið eða styrkleikar séu nýttir sem skildi. Hafa komið ýmsir nýjar upplýsingar í ljós um starfsfólk í viðtölum sem þessum og verður áfram ýtt á deildarstjóra/sérkennslustjóra að taka svipuð viðtöl í framtíðinni.

Starfsdagarnir í vetur voru 6 og fengum við ýmis námskeið og fræðslu sem valin var út frá áherslum og endurspeglun Menntastefnu borgarinnar með að leiðarljósi BBB (betri borg fyrir börn). Við fengum námskeið í Lubba, Skráningum, Viðhorf og tengslamyndum, Velsæld í vinnu, Málstefna – Miðju máls og læsi, Einingakubbar, Könnunaraðferðin og

Farsældanámskeið ásamt námskeiðum á Torginu sem er upplýsinga og námskeiðssvæði fyrir starfsmenn borgarinnar. Þar er að finna mörg námskeið sem starfsfólk okkar hefur nýtt sér í vetur. Einnig hafa lærdómssamfélög sérkennslustjóra og stjórnenda nýst vel. Ásamt því mikla og flotta starfi sem skólinn hefur staðið fyrir í vetur var verið að undirbúa námsferð til Brighton sem var farin í marsmánuði sem tókst með afburðum vel. Þar var farið á námskeið í Sögugerð og Útinámi. Einnig fór margt starfsfólk á námskeið út frá áhugasviði sínu og áherslum og má þar nefna EFI-2, TRAS, Atferlisíhlutun, Ofbeldi nemenda og hegðunarvandi, Widget online, Íslenskuþorpið ofl. Við erum byrjuð að vinna markvisst að Læsisstefnu leikskólans og gengur sú vinna vel. Leikskólar í Norðurmiðstöð tóku sig saman um að gera sameiginlega læsisstefnu sem á sér það markmið að endurspegla nám barna í gegnum læsi út frá Aðalnámskrá Leikskóla. Sú vinna gengu vel og hefur hópurinn fundað nokkrum sinnum og er áætlað að læsisstefna skólans verði tilbúin í kringum næstu áramót.

Í vetur voru 9 starfsmenn í kennaranáminu frá HÍ sem reyndi á þegar námslotur voru hjá þeim. Næsta vetur eða veturinn 2024-2025 verðum við með 11 starfsmenn í kennaranáminu frá KÍ sem eru komnir mislangt í náminu, þar af tveir í meistaranám. Það verður skólanum eflaust til framsækni í nýjustu menntastraumum en um leið áskorun þar sem flestir fara á svipuðum tíma í námslotur. Búið er að veita þessum starfsmönnum í kennaranámi námsleyfi til að geta sinnt námi sínum en það er leið Reykjavíkurborgar að fjölga kennurum. Einnig verðum við með starfsfólk í öðru námi næsta vetur líkt og hjúkrun, sjúkraliðnámi, sálfræði og sérkennslufræðum svo eitthvað sé nefnt. Skemmtileg þróun hjá okkur í Sunnuási að mennta komandi kynslóðir á sem fjölbreyttastan hátt. Einn starfsmaður var skráður í Mími til að fara á Fagnámskeið 2 en það náðist ekki sá fjöldi sem þurfti til að halda það og því var hætt við það. Fyrirhugað er að senda starfsfólk á HLJÓM 2, TRAS og fleiri námskeið sem nýtast í starfi þar sem við teljum að því fleiri sem eru með námskeið í þeim matslistum sem við notum því betra. Því verðum við dugleg næsta vetur í að senda starfsfólk á ýmiskonar námskeið sem nýtast okkur.

# 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf milli Sunnuáss og Langholtsskóla hefur verið í föstum skorðum síðustu ár og er skipulag sett niður fyrir hvern vetur á hverju hausti. Með samstarfinu hefur megin markmiðið verið að undirbúa börnin í elsta árgangi fyrir breytingar á námsumhverfi þeirra ásamt því að

auka innsýn okkar á starfsvettvangi hvers annars. En vegna staðsetningar leikskólans síðasta vetur var samvinna og samstarf við Langholtsskóla og frístundarmiðstöðina Glaðheima minni en hefur verið síðustu ár. Farið var í eina skipulagða heimsókn í skólann og var sú heimsókn í febrúar á Degi íslenskrar tungu þar sem Langholtsskóli var með atriði fyrir börnin og kynningu á Jóni Hallgrímssyni. Skemmtileg heimsókn þar sem allir stóðu sem vel og fannst börnunum þetta námsumhverfi mjög spennandi. Einnig hitti leikskólinn 1. bekk Langholtsskóla í Laugardalnum 2x í vetur og voru þar m.a. með sameiginlega jólastund. Samstarf leikskólans og Langholtsskóla hefur verið í mjög föstum skorðum og helst yfirleitt svipað á milli ára.

Skólarnir eru með sameiginleg 3 skipulagsdaga á hverjum vetri sem koma fram á dagatali leikskólans.

# 8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna hér í Sunnuás hefur verið mjög góð og hafa foreldrar verið okkur mjög þægilegir í þeim óþægindum sem myglan olli okkur. Í öllum flutningunum og tilfæringum þá reyndust þeir okkur mjög vel og hafa sýnt okkur minn skilning á oft erfiðum tímum. Held að við getum sagt að það er enginn annar skóli sem hefur farið jafn vel í gegnum þessar breytingar eins og starfsfólk, börn og foreldrar Sunnuáss og því ber að þakka.

Í haust voru haldnar deildarkynningar fyrir foreldra og misjafnlega mætt á þær. Við skiptum því þannig niður að eldri deildarnar voru með kynningar á sama tíma og svo þær yngri á sama tíma, þá alltaf eftir lokun skólans. Komu upp skemmtilegar umræður en það helsta sem þar fóru fram voru kennsluáætlanir hverrar deildar fyrir veturinn.

Fyrirhugað er að breyta nöfnum á deildum skólans í haust þar sem við erum komin í nýtt húsnæði og langar okkur því að nota tækifærið og breyta nöfnunum. Við byrjuðum á því að fá samþykki foreldraráðs um þessar breytingar og fór í kjölfarið af því fram hugmyndakönnun á nýjum nöfnum skólans meðal foreldra, barna og starfsfólks Sunnuáss. Komu margar skemmtilegar hugmyndir fram og var valið erfitt en ákveðið var að taka þær hugmyndir sem komu best út fyrir húsið til frambúðar. Þar sem skólinn verður stækkaður á næstu árum þá verður auðvelt að bæta við nýjum nöfnum þar sem það verða fleiri deildar í skólanum eftir

að hann verður stækkaður í nýja breytta húsnæðinu okkar. Foreldraráðið hefur verið inn í þeim breytingum sem hafa verið og fylgst vel með flutningum og öðrum verkefnum sem við höfum staðið fyrir á síðustu misserum. Foreldrafélagið hélt einn fund á vetrinum og var ekki góð mæting á hann. Engar ákvarðanir voru teknar og hélt aðst. leikskólastjórinn utan um þann hóp. Reynum að funda betur á næsta ári og gera betur í fundasetu með foreldrafélaginu.





# 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Búið er að setja niður skipulagsdaga fyrir skólaárið 2024-2025. Alls hefur leikskólinn sex skipulagsdaga yfir skólaárið en þrír af þeim eru sameiginlegir með grunnskólanum í hverfinu.

- 6. september 2024
- 18. október 2024
- 29. nóvember 2024
- 31. janúar 2025
- 24. mars 2025
- 16. maí 2025

Samband íslenskra sveitarfélaga

## Leikskóladagatal 2024 - 2025

**Nafn leikskóla:** Sunnuás

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | | 1 S | | 1 Þ | | 1 F | Opið Hús | 1 S | Fullveldisdagurinn | 1 M | Nýársdagur |
| 2 F | | 2 M | Aðlögun | 2 M | | 2 L | | 2 M | Varðeldur/söngur | 2 F | |
| 3 L | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 Þ | | 3 F | |
| 4 S | | 4 M | | 4 F | | 4 M | Foreldraviðtöl | 4 M | Opið milli deilda | 4 L | |
| 5 M | Frídagur verslunarmanna | 5 F | | 5 L | Alþjóðad. Kennara | 5 Þ | " | 5 F | | 5 S | |
| 6 Þ | | 6 F | Starfsdagur | 6 S | | 6 M | " | 6 F | Rauður dagur | 6 M | Þrettándinn |
| 7 M | | 7 L | | 7 M | Spilavika | 7 F | " | 7 L | | 7 Þ | |
| 8 F | Opnun eftir sumarfrí | 8 S | Dagur læsis | 8 Þ | " | 8 F | Baráttudagur gegn einelti | 8 S | | 8 M | |
| 9 F | | 9 M | | 9 M | " | 9 L | | 9 M | Jólavika | 9 F | |
| 10 L | | 10 Þ | | 10 F | " | 10 S | | 10 Þ | " | 10 F | Dótadagur |
| 11 S | | 11 M | | 11 F | " | 11 M | Foreldraviðtöl | 11 M | " | 11 L | |
| 12 M | | 12 F | | 12 L | | 12 Þ | " | 12 F | Jólaball | 12 S | |
| 13 Þ | | 13 F | | 13 S | | 13 M | " | 13 F | | 13 M | |
| 14 M | | 14 L | | 14 M | Bleikur dagur | 14 F | " | 14 L | | 14 Þ | |
| 15 F | | 15 S | | 15 Þ | | 15 F | Bókadagur | 15 S | | 15 M | |
| 16 F | | 16 M | gur ísl. Náttúru/Grænn da | 16 M | | 16 L | Dagur íslenskrar tungu | 16 M | | 16 F | |
| 17 L | | 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 Þ | | 17 F | Vasaljósadagur |
| 18 S | | 18 M | | 18 F | Starfsdagur | 18 M | Foreldraviðtöl | 18 M | Opið milli deilda | 18 L | |
| 19 M | | 19 F | | 19 L | | 19 Þ | " | 19 F | | 19 S | |
| 20 Þ | Aðlögun | 20 F | | 20 S | | 20 M | Dagurmannréttinda barna | 20 F | | 20 M | |
| 21 M | | 21 L | | 21 M | | 21 F | | 21 L | | 21 Þ | |
| 22 F | Skólasetning grunnskóla | 22 S | | 22 Þ | | 22 F | | 22 S | | 22 M | |
| 23 F | | 23 M | | 23 M | | 23 L | | 23 M | Þorláksmessa | 23 F | |
| 24 L | | 24 Þ | Deildarkynningar yngri | 24 F | Vetrarfrí grunnskóla | 24 S | | 24 Þ | Aðfangadagur jóla | 24 F | Bóndadagur - fyrsti dagur þorra |
| 25 S | | 25 M | Deildarkynningar eldri | 25 F | Vetrarfrí grunnskóla | 25 M | | 25 M | Jóladagur | 25 L | |
| 26 M | | 26 F | Evrópski tungumáladagurinn | 26 L | Fyrsti vetrardagur | 26 Þ | | 26 F | Annar í jólum | 26 S | |
| 27 Þ | | 27 F | | 27 S | | 27 M | | 27 F | | 27 M | |
| 28 M | | 28 L | | 28 M | Vetrarfrí grunnskóla | 28 F | | 28 L | | 28 Þ | |
| 29 F | | 29 S | | 29 Þ | | 29 F | Starfsdagur (G) | 29 S | | 29 M | |
| 30 F | | 30 M | | 30 M | | 30 L | | 30 M | | 30 F | Spiladagur |
| 31 L | | | | 31 F | | | | 31 Þ | Gamlársdagur | 31 F | Starfsdagur |

| FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 L | | 1 L | | 1 Þ | Foreldraviðtöl | 1 F | Verkalýðsdagurinn | 1 S | |
| 2 S | | 2 S | | 2 M | Blár dagur | 2 F | | 2 M | Sjómannadagurinn |
| 3 M | | 3 M | Bolludagur | 3 F | " | 3 L | | 3 Þ | Íþróttavika |
| 4 Þ | | 4 Þ | Sprengidagur | 4 F | " | 4 S | | 4 M | " |
| 5 M | | 5 M | Öskudagur | 5 L | " | 5 M | | 5 F | " |
| 6 F | Dagur leikskólans Leikskólaráðstefna | 6 F | | 6 S | | 6 Þ | | 6 F | Skólaslit grunnskóla |
| 7 F | Dagur tónlistarskólans | 7 F | | 7 M | Foreldraviðtöl | 7 M | | 7 L | |
| 8 L | | 8 L | | 8 Þ | " | 8 F | | 8 S | Hvítasunnudagur |
| 9 S | | 9 S | | 9 M | " | 9 F | Ömmu og afa kaffi | 9 M | Annar í hvítasunnu |
| 10 M | | 10 M | | 10 F | " | 10 L | | 10 Þ | Þjóðhátíðar vika |
| 11 Þ | Dagur íslenska táknmálsins | 11 Þ | | 11 F | Gulur dagur | 11 S | Mæðradagurinn | 11 M | " |
| 12 M | | 12 M | Opið milli deilda | 12 L | | 12 M | | 12 F | " |
| 13 F | | 13 F | | 13 S | Pálmasunnudagur | 13 Þ | | 13 F | " |
| 14 F | | 14 F | Dagur stærðfræðinnar | 14 M | | 14 M | | 14 L | |
| 15 L | | 15 L | | 15 Þ | | 15 F | | 15 S | |
| 16 S | | 16 S | | 16 M | | 16 F | Starfsdagur (G) | 16 M | Skrúðganga |
| 17 M | | 17 M | Tannverndarvika | 17 F | Skírdagur | 17 L | | 17 Þ | Lýðveldisdagurinn |
| 18 Þ | | 18 Þ | " | 18 F | Föstudagurinn langi | 18 S | | 18 M | |
| 19 M | | 19 M | " | 19 L | | 19 M | | 19 F | Sumarhátíð |
| 20 F | | 20 F | " | 20 S | Páskadagur | 20 Þ | | 20 F | |
| 21 F | Konukaffi | 21 F | Sokkadagur | 21 M | Annar í Páskum | 21 M | | 21 L | |
| 22 L | | 22 L | | 22 Þ | | 22 F | | 22 S | |
| 23 S | Konudagur - upphaf Góu | 23 S | | 23 M | | 23 F | | 23 M | Vatnavika |
| 24 M | Vetrarfrí grunnskóla | 24 M | Starfsdagur (G) | 24 F | Sumardagurinn fyrsti | 24 L | | 24 Þ | " |
| 25 Þ | Vetrarfrí grunnskóla | 25 Þ | | 25 F | | 25 S | | 25 M | " |
| 26 M | | 26 M | | 26 L | | 26 M | | 26 F | " |
| 27 F | | 27 F | | 27 S | | 27 Þ | | 27 F | " |
| 28 F | Glimmerdagur | 28 F | | 28 M | Plokkdagur | 28 M | | 28 L | |
| | | 29 L | | 29 Þ | | 29 F | Uppstigningardagur | 29 S | |
| | | 30 S | | 30 M | | 30 F | | 30 M | |
| | | 31 M | Vasaljósadagur | | | 31 L | | | |

**Í reglum um leikskólaþjónustu segir:**

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar
Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og
viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunns

# 10 Fylgiskjöl

## 10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025.

Tekin var ákvörðun um að gera eina sameiginlega umbótaáætlun fyrir allar deildir á Sunnuási. Tilgangurinn var að stuðla að aukinni samvinnu og samfellu í starfi milli deilda.

| Sameiginleg umbótaáætlun allra deilda á Sunnuási | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Leggja áherslu á **frjálsa, sjálfsprottna leikinn** skv. nýrri námskrá og nýjum áherslum í menntakerfinu. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Innleiða þennan þátt námskrár í starfið með markvissum hætti. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Hvetja til leiks sem er leiddur af börnum, þau ákveða hlutina, semja reglur og skipuleggja.<br>Hafa einn dag í viku og svo í útiveru.<br>Starfsfólk kynni sér nýja námskrá og menntastefnu<br>Starfsfólk sé virkt í leik með börnunum á forsendum barnanna og leiksins. Kennarar hvetja börnin til að takast á við ný og framandi viðfangsefni. Skipuleggja og bjóða fram kveikjur og efnivið |
| **Ábyrgð** | Deildarstjórar og starfsfólk |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Skólaárið ágúst ´24 – maí ´25 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Skráningar<br>Kennarar skrá og ígrunda í samræmi við matsaðferðir og vinnulag leikskólans |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að börnin finni sér viðfangsefni og kunni að vinna sjálfstætt með einfaldan efnivið.  Auka sköpunargleði og félagsfærni og að börnin öðlist færni í að starfa sameiginlega að verkefnum |

| Sameiginleg umbótaáætlun allra deilda á Sunnuási | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | **Læsi** þar sem unnið er eftir Læsisstefnu leikskólana. ATH ný sameiginleg læsisstefna er í bígerð undir hatti Norðurmiðstöðvar. Einnig verður unnið með nýja og væntanlega málstefnu fyrir leikskólann í samvinnu við Miðju máls og læsis. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Leggja mikilvægan grunn að málþroska og læsi sem getur haft grundvallaráhrif á færni barna.<br>Starfsfólk þekki og nýti sér Læsisstefnu leikskólans |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Allt starfsfólk kynni sér læsisstefnu leikskólans og nýti í starfi.<br>Nýta hópastarf, samveru og daglegt starf í innlögn<br>Verkefnastjóri tónlistar er með verkefni í samvinnu við deildir, snemmtæka íhlutun, sérkennslu og fjölmenningarfulltrúa.<br>Skipulagðar samverustundir t.d. Bók vikunnar, nota sögupokana (dót sem tengist bókinni), virkja starfsfólk sem nýtur sín vel í samveru, nýta undirbúning til að koma undirbúin í samveru.<br>Nota Gefðu 10 svo öll börn fái góða málörvun. Vera virk í skráningum |
| **Ábyrgð** | Deildarstjórar, verkefnastjóri tónlistar, sérkennslustjóri |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Skólaárið ágúst ´24 – maí 25. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Skráningar, Gefðu 10 skráningar og ferilmöppur. Gefur innsýn í hvort þörf sé á snemmtækri íhlutun.<br>Málþroski barna metinn með því sem við á, t.d. Hljóm, EFI 2 og Tras<br>Þekking starfsfólks metin með umræðum á deildarfundum |

| | |
|---|---|
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að barnið öðlist færni í að segja frá, hlusta á aðra, syngja með og þekki hrynjanda og rím, skrifi og þekki algeng orð og geti lesið í umhverfi sitt. |

| Sameiginleg umbótaáætlun allra deilda á Sunnuási | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | **Skipulegt hópastarf og aukin samþætting og flæði starfs milli deilda með sameiginlegum þemum.** |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Skipuleggja hópastarfið betur og hafa sýnilegra fyrir foreldrum. Auka færni starfsfólks í að sinna verkefnunum Lubbi, Blær og Leikur að læra. Virkja samráðshópa Lubba, Blæs, LAL og málörvunar til að fá samfellu í starf milli deilda og miðla þekkingu |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Setja hópastarf í vikuskipulagið. Lubbi er 2x í viku, Blær 1x í viku og svo í samverustundum, LAL 1x í viku og reglulegar hreyfistundir. Stefnt að samvinnu við Ármann við lán á íþróttasal og skólahópur fer í sund 1x í viku.<br>Deildarstjórar setja upp vikuskipulag og úthluta starfsfólki verkefni. Sjá til þess að starfsfólk nýti undirbúning vel. Einn starfsmaður deildar skipaður í samráðshóp. Deildarstjórar fundi reglulega og meti starfið. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjórar |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Skólaárið ágúst ´24 – maí ´25. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Skráningar, samtal á reglulegum deildarfundum. Samtal við börnin.<br>Málþroski barna metinn með því sem við á, t.d. Hljóm, EFI 2 og Tras |

| | |
|---|---|
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Tíðni hópastarfs og góðar skráningar<br>Að barnið njóti stundanna, taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga.<br>Að  barnið kunni grunninn í ísl. Hljóðkerfinu (Lubbi)<br>Bætt félagsfærni, samskipti og virðing (Blær).<br>Aukinn orðaforði og málnotkun barna, Betri tengsl barna og starfsmanna (Gefðu 10)<br>Sýnileg aukin þekking barna á námsefni og yfirfærsla þess í annað starf á deild (LAL) |

| **Sameiginleg umbótaáætlun allra deilda á Sunnuási** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Að auka faglegt starf og færni starfsfólks svo allir fái að njóta sín, finni tilgang og nýta styrkleika sína. Hefur jákvæð áhrif á samstarf og vellíðan starfsfólks.<br>Að starfsfólk kynni sér stefnur skólans og að umgengisreglur leikskólans séu skýrar (matsalur, útisvæði ofl.) |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Að auka gæði þess flotta, faglega starfs sem við erum að sinna. Að styrkja þekkingu starfsfólks og stuðla að góðum samskiptum þar sem allir fá að njóta sín og sinna styrkleika. Stuðla að símenntun með fræðslu innan og utan leikskólans |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Gera ráð fyrir deildarfundum í vikuskipulagi, aðra hvora viku. Virkja samráðshópa (LAL, Lubbi, Blær og málörvun) og velja starfsfólk sem situr í þeim. Setja ábyrgðaraðila yfir hvern samráðshóp. Miðla upplýsingum til alls starfsfólks með sýnilegum fundargerðum og fræðslu.<br>Fara reglulega yfir umbótaráætlun á deildarfundum og skoða hvar við stöndum og hvort breytinga er þörf. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur og starfsfólk. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Skólaárið ágúst ´24 – maí ´25 |

| | |
|---|---|
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Metið á reglulegum deildarfundum og samtali við starfsfólk. Skoðum hversu vel við nýtum samráðshópana og hvernig það skilar sér í starfið. Fundargerðir eru vandaðar og starfsfólk kvittar fyrir lestri. Umbótaáætlun haldið á lofti og allt starfsfólk veit að hverju er stefnt. Starfsfólk hafi aðgang að fræðsluefni og fái tækifæri til að undirbúa faglegt starf. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Góð samskipti og aukin samvinna með auknu upplýsingaflæði og tækifærum til símenntunar.<br>Allt starfsfólk vinni saman að settu marki, þekki stefnur leikskólans og finni styrk og tilgang í starfi. |







Dagsetning: 13. Júlí 2024

## 10.2 Umsögn foreldraráðs

**Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans**

Starfasáætlunin er aðgengileg og góð lesning og sýnir einnig mjög góða innsýn í starfið fyrir foreldra.

Það er vel farið yfir alla þætti sem koma að starfi leikskólans í heild sinni og einnig vel farið yfir styrkleika, tækifæri og annað sem við kemur hverri deild fyrir sig sem gerir starfsáætlunina mjög aðgengilega.

Áherslur starfsáætlunar frá síðasta ári hafa staðist að okkar mati og farið hefur verið eftir þeim atriðum sem sett voru fram í starfsáætlun síðasta árs.

Starfsemin á Sunnuási er að okkar mati til fyrirmyndar. Það er auðséð að starfsfólkið er heilt yfir samheldið sem skiptir miklu máli í leikskólastarfi og þá sérstaklega þegar reynir á starfsemina eins og hefur óumflýanlega gert undanfarið vegna flutninga.

Það hefur gengið frábærlega að koma leikskólanum fyrir í Ævintýraborgum eftir flutninga úr Kringlunni. Að flytja til baka í töluvert minna húsnæði er áskorun sem skólastjórnendum hefur tekist mjög vel að framkvæma frábærlega. Gott skipulag og góð umgengni einkennir Ævintýraborgir Sunnuáss.

Útisvæðið er mun stærra og hentugra en það sem var í Kringlunni og það er gaman að sjá að starfsmenn hafa nýtt sér það frá fyrsta degi eftir flutninga til baka.

Það eina sem við foreldrar höfum áhyggjur af eftir flutninga til baka er bílastæðavandamál fyrir utan leikskólann sem við teljum að muni aukast í vetur þegar færri koma gangandi eða hjólandi en vonum að það verði í lagi.

Foreldrasamvinna er til fyrirmyndar eins og áður, deildarstjórar senda pósta vikulega til foreldra svo maður er alltaf vel upplýstur hvað er framundan í leikskólastarfinu og það er mjög dýrmætt að þessum póstum fylgja oft myndir af starfinu.

Deildarkynningar voru haldnar í upphafi skólaárs og þar var vel farið yfir komandi skólaár og gefur það foreldrum góða innsýn í starfið.

Við erum sem fyrr mjög ánægð með starfsemina á Sunnuási og erum sérstaklega þakklát fyrir góða stjórnendur og starfsfólk.

Sífellt er unnið að bætingum á starfi sem skila sér svo sannarlega og það er augljóst að stjórnendur leikskólans hafa ástríðu fyrir starfinu og hafa vilja fyrir frekari bætingum.

**<u>Fyrir hönd foreldraráðs:</u>**

Rakel Bergmann Pálmadóttir

Kristján HafÞórsson

**<u>Unnið af:</u>**

<u>Agnes Ólafsdóttir 27. 06 2024</u>

Leikskólastjóri Dagsetning

<u>Sylvía Guðmundsdóttir 27. 06 2024</u>

Sérkennslustjóri Dagsetning

